



Pési

ATH!! Næsti Pési kemur út í des. Efni þarf að berast í síðasta lagi 3. des




Frá Bókasafni Hrunamanna



Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21
Þriðjudaga Kl. 16-18
Miðvikudaga Kl. 16-18
Fimmtudaga Kl. 16-18



Inn á slóðunum <http://leitir.is> og www.eggnir.is, nánar tiltekið inná „Mínum síðum“ er hægt að sjá skiladag, framlengja lánum og fleira.

Alltaf er hægt að skila safngögnum í gegnum skilalúguna.

Verið hjartanlega velkomin ☺

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  Facebook



leitir.is



Gegnir

Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00



Tækjasalur í Íþróttahúsi. Opnunartími

Mánudaga til fimmtudaga 16.00-21:30,

föstudaga: 13:00-18:00

Tækjasalur er opinn um helgar þegar mót eru í húsinu:

Fylgist með á facebook!



Hjónaball 2018 verður haldið þann
3 mars, takið daginn frá og
nóttina líka.



nóv 2017
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

27. árgangur.
320 tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Nóvember runninn upp, gott haust að baki og náðst hefur að klára ýmis verk sem stefnt var að, að ljúka fyrir veturinn.

Við vorum afar ánægð með að geta klárað framkvæmdir í Akurgerðinu og þar hefur vel tekist til að okkar mati. Ekki skemmdi fyrir að ÁTVR hefur verið í miklum framkvæmdum á lóð Vínbúðarinnar og hefur aðgengi og umhverfi í kringum búðina tekið miklum stakkaskiptum. Vil ég þakka ÁTVR fólkinu fyrir mikinn metnað í þessari vinnu, bæði vegna framkvæmda á búðinni sjálfri og síðan lóðinni. Síðan var það kærkomið að geta klárað að leggja gangstétt í Sneiðina og í leiðinni bæta bílastæðamál og aðkomu við Sindra bakarí í góðri samvinnu við Guðmund á Sóleyjarbakka.

Það er síðan gaman að sjá að sami Guðmundur er kominn af stað með byggingu við hlið Félagsheimilisins, þar sem bæði er gert ráð fyrir íbúðum og verslunarrými. Annars telst mér til að í byggingu eða í pípunum séu 16-21 íbúðir eða hús í sveitarfélaginu og munar um minna en þetta var einmitt það sem við þurftum svo mjög á að halda.

Núna hefur mikil vinna farið í vinnslu á fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps fyrir árið 2018 en samhliða er unnin fjárhagsáætlun fyrir árin 2019-2021. Sú vinna hefur gengið vel og hefur farið fram með hefðbundum hætti í góðri samvinnu starfsfólks skrifstofunnar, forstöðumanna stofnanna og nefnda á vegum sveitarfélagsins. Búið er að leggja fjárhagsáætlunina fram til fyrri umræðu í sveitarstjórn og síðan tekur við fínstilling þar til hún verður lögð fram til seinni umræðu í byrjun desember.

Rekstur sveitarfélagsins hefur verið að styrkjast og eru líkur á að það ástand haldi áfram á næsta ári en það kemur sér vel þar sem sveitarfélagið stendur í miklum fjárfestingum á næsta ári. Skatttekjur eru að hækka samkvæmt áætlunum næsta árs þar sem útsvarstofninn er að styrkjast en ávallt er óvissa um hvernig tekjur úr Jöfnunarsjóði koma út. Kemur þar sérstaklega til að grunnskólaframlög til okkar hafa verið að lækka en þar spila inn nokkrir þættir þó sérstaklega að fjöldi grunnskólabarna er í lágmarki. Síðan er búið að taka ákvörðun um að til að milda áhrif hækkunar fasteignamats í sveitarfélaginu að álagningarhlutfall í A-flokki verður lækkað úr 0,59 í 0,54.

Annars gerum við ráð fyrir hóflegum launahækkunum á árinu 2018 og þá er gert ráð fyrir 2,7% verðbólgu og vonandi heldur verðbólgu draugurinn sér í skefjum líka á næsta ári. Reynt er almennt að halda gjaldskrárhækkunum í hófi en tekin hefur verið ákvörðun um að leikskólagjöld hækki ekki á næsta ári og einnig er óbreytt kortagjald fyrir börn í íþróttahús og sundlaug sem ætti að koma til móts við barnafólk. Þá hefur einnig verið ákveðið að vistun barna í leikskólanum geti hafist kl. 7:45 en ekki var hægt að svo stöddu að verða við óskum um lengri opunartíma í hinn endann.

Við leggjum upp með að rekstartekjur dugi að mestu til fjárfestinga og viðhaldsverkefna. Stærsta viðhaldsverkefnið myndi verða utan- og innanhúsviðhald í Flúðaskóla, þá þarf að græja íþróttahúsið upp þannig að þar verði hægt að halda hjónaball og þá væri einnig gaman að geta komið loftinu fyrir ofan áhaldageymsluna af stað. Þá er áætlað að laga aðgengi að aðstöðu í kjallara í Heimalandi en þar nýta kjallarann bæði eldri borgarar og einnig fatlaðir einstaklingar. Einnig þurfum við að fara í innanhúsviðhaldið í Félagsheimilinu m.a. til að bæta brunavarnir. Þá er einnig stefnt á að klára endurlögn á götu í Vesturbrún að Langholtsvegi og í leiðinni endurnýja fráveitulagnir. Síðan er það fráveitan sem verður mjög stórt verkefni hjá okkur en það stendur til að byggja litla hreinsistöð við Hellisholtalæk fyrir neðan Félagsheimilið til að sinna fráveitu á því svæði. Þá er einnig gert ráð fyrir fjármunum til að þróa íþróttavallavæðið við íþróttahúsið.

Stærsta verkefni okkar er síðan verkefni Hrunaljóss um lagningu ljósleiðara í sveitarfélaginu. Það verður spennandi að sjá hvort við fáum styrk núna um áramótin frá „Ísland ljóstengt“ til að klára verkefnið á árinu 2018. Að minnsta kosti ættum við að geta klárað þessar 113 tengingar sem við höfum fengið styrk fyrir. Núna er allt efni að koma til landsins og verið að gera fjarskiptamiðjuna klára í gamla símsstöðvarherberginu í Félagsheimilinu. Síðan á eftir að setja upp verkáætlun með verktaka um verkið en ljóst er að ef veðráttu verður góð þá er hægt að fara að byrja á framkvæmdum og þá sérstaklega þar sem við eigum fyrir rör í jörðu. Þetta tekur allt tíma og bið ég fólk að sýna þolinmæði en Guðmundur verkefnisstjóri mun örugglega fara að halda áfram að hafa samband við fólk vegna tengingana. Við erum líka að vinna í betri upplýsingargjöf á heimasíðunni fludir.is og bið ég fólk að fylgjast vel með.

Sá málaflokkur sem við þurfum að hækka mest eru sorpeyðingargjöld enn og aftur, en okkur sýnist að magnaukningin sé um 20-30% annað árið í röð. Sorphirðan kallar ekki á stórkostlegar hækkanir en meðhöndlun og eyðing úrgangs kallar á hækkanir á gjaldskrárn upp á 8-10% en þó eykst tapið á málaflokknum. Við erum búin að fara í aðgangsstýringar á gámasvæðinu á Flúðum með því að koma upp slá sem er tímastíllt þannig að opnað er kl. 8:00 og lokað kl. 22:00 alla daga vikunnar til að stemma af umferð akandi ökutækja inn á svæðið þó fólk geti alltaf rölt í gegn með minni hluti. Þá höfum við bætt við myndavélabúnað á gámasvæðinu til að auka eftirlit og reyna að koma í veg fyrir að óviðkomandi aðilar losi úrgang á svæðinu. Því miður ber við að aðilar utan sveitarfélagsins reyni að koma með úrgang inn á svæðið og við verðum að reyna að bregðast við því með einhverjum hætti. Þá er líka morgunljóst að bæði einstaklingar og fyrirtæki verða skylduð til að taka upp frekari flokkun úrgangs og við þurfum mjög fljótlega að taka upp aðgerðir á því sviði, bæði á svæðis- og landsvísu.

Því miður hefur aðeins borið við að verið sé að vinna skemmdarverk á eigum fólks á Flúðum. Sérstaklega er sárt þegar verið er að skemma hluti í eigu áhugamannasamtaka en t.d. hafa verið unnin skemmdarverk á dómshúsi Smára niður í Torfdal. Bið ég alla að hafa auga með þessu til að koma í veg fyrir atvik af þessu tagi en mál verða kærð til lögreglu ef slíkt gerist.

Að lokum vil ég hrósa Hrunamönnum fyrir kosningaþátttökuna í Alþingiskosningunum. Þátttakan var yfir 90 % sem er langt yfir landsmeðaltali. Á það verður að líta að lýðræðið virkar ekki nema fólk taki þátt. Svo er spurning hvort mynduð verði „Syðra-Langsholtsstjórn“ eða „Hrunastjórn“ en vonandi kemst á ríkisstjórn sem tórir lengur en í eitt ár því ég held að það sé krafa fólks að ró komist á þessi ríkisstjórnarmál. Njótum skammdegisins saman til góðra hluta.

Jón G. Valgeirsson
Sveitarstjóri

Kæru sveitungar

Þorablót Kvenfélagsins verður haldið 3. febrúar 2018,
takið daginn frá.

Nánar auglýst síðar



80
STAÐIR
UM LAND ALLT

E **EIMSKIP**
Flytjandi



ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

E **EIMSKIP**
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is



Litla Melabúðin

FARMERS MARKET

Opið alla daga milli kl. 13:00-17:00
Open daily 1pm-5pm



Vörur úr
heimabyggð.

Locally grown
Locally owned

Beint frá bjgli

Grænmeti, kryddjurtir,
holdanautakjöt, eldis-
silungur, heimagerðar
sultur og flatkökur,
Arna laktósafriar
mjólkurvörur og margt
fleira.

Vegetables, herbs,
Angus beef, brown
trout, homemade jams
and flatbreads, Arna
lactose free dairy and
variety of other
products.

Melum, Flúðum

@litlamelabudin

Hirunamannahrepp

www.facebook.com/litlamelabudin/



Samkaup strax

Flúðum

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 09:00-19:00

Laugardaga: 10:00-19:00

Sunnudaga: 11:00-18:00

Sími: 486 6633



Fjallaráf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



TAXI á svæðinu sem mun þjónusta
Grímsnesið, Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Skeiða
og Gnúpverjahr.

Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum eftir
bestu getu.

TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN
fontana
Hölsulind frá landnámi

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **432-2770.**
Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi 432-2000

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímá pantanir í Síma 856-1599



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími .

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:00



Hrunamannahreppur

Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!

Lokað í nóvember, næst verður opið: 7, 14 og 21 des
(Félagar í Félagi eldri Hrunamanna fá afslátt (5.500))

Tímá pantanir í síma: 863 0433

Allir velkomnir

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Menningarklasi uppveita Árnessýslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 – 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabil 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is



**RAFMAGNSVERKSTÆÐI
JENS OG RÓBERTS**

**TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU**



**SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA**

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

**SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.**

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS

Kvenfélag Hrunamannahrepps óskar eftir umsóknum í Freyjusjóð frá 15 nóv til 15 desember.
Sjá nánar um lög Freyjusjóðs á www.fludir.is undir menningar og mannlíf.
Þar eru upplýsingar um sjóðinn og umsóknareyðublöð. Fyrirspurnir má senda á netfang Kvenfélags Hrunamannahrepps sem er kvhrhr@gmail.com
Hvetjum við ungar konur á aldrinum 16-25 ára til að sækja um og gera vandaðar umsóknir.



Hreppamaðurinn.

Hreppamaður heitir blað
hendingar og ræður.
Kæru vinir kaupið það
konur, menn og bræður.

Öll 12 rit Bjarna Guðmundssonar frá Hörgsholti eru til sölu í
Þverspyrnu á 4000 kr. öll ritin. Á jólatilboði.

Allur ágóði fer til líknarmála.

Verið velkomin.

Guðrún Þorsteinsdóttir Þverspyrnu. Sími: 486 6735



HRUNAPRESTAKALL

Kæru sveitungar. Á þessum tímapunkti er vert að vekja athygli á nokkrum atriðum kirkjustarfsins framundan.

Sem fyrr verður hægt að kveikja á rafljósum í kirkjugörðum

prestakallsins nú á aðventunni. Til að standa straum af kostnaði vegna rafmagnsnotkunar ofl. hafa sóknarnefndir prestakallsins ákveðið að setja upp 1000 kr. gjald fyrir hvern leiðiskross sem tengdur er við rafmagn. Er fólk beðið um að leggja upphæðina inn á reikning viðkomandi kirkjugarðs.

Stóri-Núpur: 0152-05-264429 kt. 491098-3339

Ólafsvellir: 0152-15-371512 kt. 490269-3399

Hruni: 0325-26-18952 kt. 640169-2229

Hrepphólar: 0325-26-9068 kt. 640169-3039

Svokölluð kóramessa verður haldin í Ólafsvallakirkju sunnudaginn

26. nóvember kl. 11. Þar munu syngja saman kirkjukórar prestakallsins ásamt Tvennum tímum. Súpa, brauð og kaffi á eftir í Brautarholti (1500 kr. fyrir manninn).

Laugardaginn 2. desember kl. 15 verður helgistund í Hrepphólakirkju í tengslum við ljóstendrun á leiðum í garðinum. Kaffi á eftir.

Fyrsta sunnudag í aðventu, 3. desember nk. kl. 20, verður árlegt

aðventukvöld í Árnesi. Nemendur Þjórsárskóla munu sem fyrr setja svip sinn á samkomuna, **ræðumaður verður sr. Kristján Valur Ingólfsson, fráfaraandi vígslubiskup**, fermingarbörn sýna helgileik og kirkjukórinn syngur. Kaffiveitingar á eftir.

Annar sunnudag í aðventu, 10. desember nk. kl. 20:30, verður árlegt

aðventukvöld í Hrunakirkju. Ræðumaður í Hrunakirkju: Edda Andrésdóttir, sjónvarpskona. Flutt verður jólasaga, fermingarbörn sýna helgileik, kirkjukórinn syngur og boðið verður upp á kaffisopa á eftir.

Að lokum minni ég á heimasíðu prestakallsins, **hruni.is**, en þar má nálgast helstu upplýsingar um kirkjustarfið. En einnig á **facebook.com/hrunaprestakall**.

Sjáumst í kirkjunni!

Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjapjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.



Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi
í síma 4-800-900 eða á slökkvitaeki@babubabu.is

Nudd - Massage

Nú er í boði
endurnærandi heilnudd
og Bowen meðferð í
Bergholti - Kistuholti 3,
Reykholti á mánudögum
og þriðjudögum.
Tímabókanir og nánari
upplýsingar má finna á
facebook síðunni minni:
NG ehf



<https://www.facebook.com/NGBowenognudd/>

og í síma 8976944.

Nils G. – Bowentæknir og nuddari.

Now you can get full body massage and Bowen technic treatment in Bergholt - Kistuholti 3, Reykholt. You can find online booking and more information on my facebook page: NG ehf <https://www.facebook.com/NGBowenognudd/>

Nils G. tel: 8976944

nilsgudjon@gmail.com



Sorphirðudagatal Hrunamannahreppur 2017


þvöð					föður					móðir				
sun	mán	þri	mí	fim	sun	mán	þri	mí	fim	sun	mán	þri	mí	fim
1	2	3	4	5	6	7				1	2	3	4	
8	9	10	11	12	13	14				5	6	7	8	9
15	16	17	18	19	20	21				12	13	14	15	16
19	20	21	22	23	24	25				19	20	21	22	23
26	27	28	29	30	31					26	27	28	29	30

sögill					nósi					jóni				
sun	mán	þri	mí	fim	sun	mán	þri	mí	fim	sun	mán	þri	mí	fim
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	1	2	3	4	5
7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	4	5	6	7	8
13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	11	12	13	14	15
17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29	30	31		25	26	27	28	29

júl					ágúst					september				
sun	mán	þri	mí	fim	sun	mán	þri	mí	fim	sun	mán	þri	mí	fim
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	1	2	3	4	5
7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	3	4	5	6	7
13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	10	11	12	13	14
17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	17	18	19	20	21
23	24	25	26	27	28	29	30	31		24	25	26	27	28

október					nóvember					desember				
sun	mán	þri	mí	fim	sun	mán	þri	mí	fim	sun	mán	þri	mí	fim
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	1	2	3	4	5
7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	3	4	5	6	7
13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	10	11	12	13	14
17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	17	18	19	20	21
23	24	25	26	27	28	29	30	31		24	25	26	27	28

Litamyllir:



Athugið að losunardagar geta breyst án fyrirvara svo sem út af veðri. Hirding fer þá fram við fyrsta mögulega tækifæri. Ekki verður tilkynnt um þetta sérstaklega. Flúðir skiptast milli sveða eftir Litlu laxá.



Sími: 577-5757 — gamur@gamur.is

Jólahlaðborð Kaffi-Sels

Komum saman og eigin ljúfa stund í aðdraganda jólaanna.

Matsæðill

Fordrykkur
Lax, reyktur og grafinn
Sjávarréttarsalat
Sild, heimabakað rúgbrauð
Nautakjöt á salatbeði
Fylltur lambahryggur - Purusteik
Bayonne skinka - Hnetusteik
Hangikjöt - Kalkúnabringa
Sósur, meðlæti og gómsættir eftirréttir

Verð er 6.900 kr. / mann

Eldamennskan mun einkennast af
kærleik og jólaanda

Tilvalið fyrir
einstaklinga og
fyrirtækjahópa
að njóta góðra
veitinga í upphafi
aðventunnar.


Allir velkomnir!

Húsið opnar kl. 18.00.

Borðhald hefst kl. 19.00.

24. og 25. nóvember og 1. og
2. desember býður Kaffi-Sel,
Efra-Seli við Flúðir, upp á
jólahlaðborð og í kjölfarið léttu
kráarstemningu.

Karl Hallgrímsson tónlistarmaður ásamt
dóttur sinni Perlu Mariu leika ljúfa tónlist
við borðhaldið og síðar um kvöldið tekur
önnur stemning við þar sem Karl leikur
hressa tónlist fram eftir kvöldi, eins og
honum er einum lagið.



Borðpantanir eru í síma 661 5935 (Unnsteinn) og
846 9321 (Halldóra) eða á netfangið pantanir@kaffisel.is

Frá Félagi eldri Hrunamanna

Bókmenntaklúbbur – leshópur

Bókmenntaklúbbur tekur til starfa fimmtudaginn 16. nóvember kl. 11 í kjallaranum í Heimalandi. Þá verður rætt um fyrirkomulag starfsins. Fundur verður einu sinni í mánuði. Stjórnandi er Edda V. Guðmundsdóttir.

Opið hús

Næsta Opna hús verður miðvikudaginn 15. nóvember kl. 14 í Félagsheimilinu. Gamlar myndir frá sveitinni verða sýndar, upplestur, séra Óskar spjallar við okkur og söngur. Umsjón hefur Guðrún Sveinsdóttir. Kaffisala.

Heimboð

Félag Eldri Skeiðamanna og Gnúpverja býður okkur í Árnes föstudaginn 17. nóvember kl. 14. *Július Valsson gigtarlæknir flytur erindi um gigt.*

Kaffi og e.t.v. eitthvað fleira.

Leikhúsfærð

Laugardaginn 25. nóvember verður farið í Borgarleikhúsið til að sjá leikritið

Úti að aka. Þetta verk er farsí ein og þeir gerast bestir, þykir fyndið, er góð kvöldskemmtun og leikarar hafa fengið mjög góða dóma.

Miðaverð 5500 kr. og verð í rútu 2000 kr. Borðað í Kringlukránni fyrir sýningu.

Lagt af stað frá Félagsheimilinu kl. 16:30. Miðapantanir þurfa að berast í síðasta lagi laugardaginn 18. nóv. til Kötu í síma 486 6696 eða Bjargar í síma

486 6639/ 864 6639.

Námskeið í bókbandi

Árni Magnús Hannesson verður með námskeið í bókbandi og byrjar það 20. febrúar. Nánar auglýst í Pésanum í febrúar.

Með bestu kveðju,
stjórnin



Sími 899-2910 www.pizzavagninn.is
Nóvember 2017



Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
2. nóv	3. nóv Árnes 18:00-20:30	4. nóv Reykholt 18-21
9. nóv Laugarvatn 18:00-20:30	10. nóv Flúðir 18-21	11. nóv Borg 18:00-20:30
16. nóv	17. nóv Brautarholt 18:00-20:30	18. nóv Reykholt 18-21
23. nóv Lokað í dag	24. nóv Lokað í dag	25. nóv Lokað í dag



Sími 899-2910 www.pizzavagninn.is
Desember 2017



Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
30. nóv	1. des Árnes 18:00-20:30	2. des Reykholt 18-21
7. des Laugarvatn 18:00-20:30	8. des Flúðir 18-21	9. des Borg 18:00-20:30
14. des	15. des Brautarholt 18:00-20:30	16. des Reykholt 18-21
21. des	22. des Flúðir 18-21	23. des Jólafrí



Malbikun í Akurgerði-



**Bíla- og
smáflutningar
8917772**





Leikskólafréttir-nóvember 2017

Hefðbundið starf á leikskólanum er nú komið í fastar skorður, eins fastar og hægt er á lifandi vinnustað þar sem við vitum ekki að morgni hvað dagurinn ber í skauti sér. Nú eru 38 börn á leikskólanum og í vor gerum við ráð fyrir að þau verði orðin 44-45.

Nú á haustdögum var gerður samningur við Bláskógabyggð um að taka við þremur börnum frá þeim sem ekki komust að á leikskólanum í Reykholti. Við erum ánægðar með að geta hjálpað nágroñnum en verðum um leið að hugsa til þess að hafa pláss fyrir heimabörn og það teljum við vera í góðu lagi.



Leikskólinn var lokaður tvo föstudaga í október, annan daginn var farið á Menntakviku í Reykjavík og seinni daginn var Kennarþing á Selfossi. Það er mikilvægt fyrir starfsfólk að hafa möguleika á að sækja fyrirlestra og námskeið og hitta annað starfsfólk leikskóla.

Eins og venjulega var boðað til kynningarfunda á deildum leikskólans og voru þeir vel sóttir. Á þessum fundum skapaðist jákvæð umræða um leikskólann, foreldrar og börn eru ánægð með leikskólann.

Aðalfundur foreldrafélagsins var líka í október og var hann þokkalega vel sóttur. Freyja kynnti vináttuverkefnið með bangsanum Blæ, kosið var í stjórn og einn fulltrúi var kosinn í foreldraráð.

Veðrið hefur leikið við okkur og börnin hafa notið útivistar í haust, reyndar er það svo að hér í leikskólanum förum við út tvisvar á dag og oft förum við út þrisvar sinnum á dag. Nágrennið er mikið notað, við skoðum framkvæmdir, förum í skóginn og nýtum oft gönguferðir í að týna rusl. Það er gaman að sjá hvað allir eru duglegir og finnst gaman að fara í gönguferðir, stuttar sem langar.



Allir nemendur leikskólans fara einu sinni í viku í íþróttahúsið, þar er alltaf líf og fjör. Við erum í miklu og góðu samstarfi við grunnskólann, nemendur hittast reglulega. Elstu börn leikskólans fara í tíma í grunnskólanum og þau sem eru komin í grunnskólann kíkja í heimsókn til okkar.

Fyrir hönd starfsfólks leikskólans,
Ingibjörg leikskólastjóri

Jólabasar

Kvenfélag Skeiðahrepps verður með sinn árlega jólabasar laugardaginn 25.nóvember kl 14 í Brautarholti. Þar verður til sölu ýmiskonar handverk og matvæli, ásamt öðrum munum. Einnig verður tombóla.

Þeir sem vilja vera með sölubása þurfa að hafa samband við Helgu

helgagudlaugs@gmail.com eða Jóhönnu

Lilju jojol@ismennt.is.

Hægt verður að kaupa kaffi/kakó og vöffur.

Nemendur frá Tónlistarskóla Árnesinga koma og spila.

Vonumst til að sjá sem flesta.





Nokkrar myndir frá hrútasýngu í Reiðhöllinni



Á næstu síðum eru nokkrar myndir frá íþróttastarfinu

Frá móti yngri keppenda



Vala í hástökki



Verðlaunastrákar





Strákar í 10.flokki



Blák kvenna



10 ára strákar



7. flokkur stráka



Ingibjörg verðlaunahafi

Minnibolti stelpur



Kormákur að kasta

Stelpur 8.flokkur



Sigurður Emil í stangarstökki



Frjalsar yngri fl.

Óleyfilegt niðurhal?

Hugsum okkur um áður en halað er niður!

Allt sem við setjum í frárennslið hefur áhrif á nærumhverfi okkar. Eftirfarandi hlutir geta stíflað frárennslið, pípur og dælur eða mengað umhverfið og á ekki að sturta niður í klósettið.



Dömubindi, bleyjur
og tíðatappar



Hár




Plastpokar



Nærfatnaður
eða tuskur



Blautþurrkur



Lyf og vitamin




Smokkar, plástrar
og sáraumbúðir



Kattasandur



Olía eða
önnur feiti



Eyrnapinnar
og bómullarhnoðrar



Svampar



Tannþráður

Munum að klósettið er EKKI ruslafata!

Lyfjum og lyfjaafgöngum á að skila í lyfjaverslanir